

Stefán Stefánsson, útvegsbóndi í Miðgördum í Grenivík í Suður-Þingeyjarsýslu, og k.h. Friðrika Kristjánsdóttir, húsfreyja. Móðurfor.: Steingrímur Þorsteinsson frá Lundi í Suður-Þingeyjarsýslu, bóndi á Végeirsstöðum í Fnjóskadal, síðar afgreiðslumaður á Akureyri, og k.h. Tómasína Tómasdóttir, húsfreyja.

Stúdent M.A. 1960, cand. oecon. frá H.Í. 1968. Fulltrúi í rekstursdeild Pósts og síma júní 1968 – nóv. 1976. Forstöðumaður Póstgíróstofunnar des. 1976 – apr. 1981. Framkvæmdastjóri hjá Bjarna Stefánssyni h.f./Hljómbæ frá feb. 1982. Í stjórn Félags viðskiptafræðinema. Í stjórn kjaradeildar ríkisstarfsmanna innan F.V.H. Fulltrúi F.V.H. í launamálaráði B.H.M. Í stjórnnum ýmissa íþróttafélaga og íþróttasamtaka.

K.h. 1. ág. 1964 Elva Ólafsdóttir, sjúkraliði, f. 10. okt. 1942, dóttir Ólafs Sigurjóns Hannessonar, símritara í Rvík, og Önnu Jónsdóttur, talsímavarðar þar.

Börn: 1) Steingrímur, f. 13. des. 1964. 2) Anna Björk, f. 21. ág. 1966. 3) Ólafur Ingi, f. 27. okt. 1969. 4) Þórhildur, f. 3. mars 1980.



Birgir Kjaran f. 13. júní 1916 í Reykjavík, d. 12. ág. 1976. For.: Magnús Kjaran, stórkaupmaður í Rvík, f. 19. apr. 1890, d. 17. apr. 1962, og Soffía Kjaran, húsmóðir þar, f. 23. des. 1891, d. 28. des. 1968. Föðurfor.: Tómas Eyvindsson, bóndi í Vælugerði í Flóa, síðar verkamaður í Rvík, og k.h. Sigríður Pálsdóttir, húsmóðir. Móðurfor.: Franz Siemsen, sýslumaður í Hafnarfirði, og k.h. Þórunn Siemsen, f. Thorsteinsson, húsmóðir.

Stúdent M.R. 1935. Nám í hagfræði við háskólann í Kiel í Þýskalandi 1935–1938, Ec.sc. próf þaðan 1938. Framhaldsnám við London School of Economics 1938–1939, námskeið í Oxford 1939, frönskunám í Vervier í Belgíu 1939. Hlýddi á fyrirlestra í hagfræði við Sorbonne háskóla í París veturinn 1952. Skrifstofustjóri hjá Shell h.f. í Reykjavík 1940–1946, forstjóri Bókfellsútgáfunnar frá 1944 og Heildverslunar Magnúsar Kjaran 1946–1971. Stundakennari í hagfræði við V.Í. 1941–1948. Landskjörinn alþingismaður 1959–1963. Þingmað-

ur Reykvíkinga 1967–1971, varaþingmaður 1971–1974. Í bæjarstjórn Reykjavíkur 1950–1954. Í Menntamálaráði 1956–1963. Í bankaráði Seðlabanka Íslands frá 1961, formaður til 1972. Formaður Náttúruverndarráðs 1960–1973. Formaður Ólympíunefndar Íslands 1962–1973. Gegndi ýms-um trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn, t.d. formaður Landsmálafélagsins Varðar og formaður fulltrúaráðs flokksins í Rvík. Lengi í ritstjórn tíma-ritsins Frjálsrar verslunar og í Bókmenntaráði Almenna bókafélagsins til d.d. Í stjórn Eimskipafélags Íslands h.f. frá 1952 til d.d. og í stjórn Flugfélags Íslands og formaður þar í nokkur ár, síðar í stjórn Flugleiða h.f. til d.d.

Nafnbætur og önnur viðurkenning: Stórriddara-kross hinnar íslensku Fálkaorðu, heiðursmerki Stk.ÞV., heiðursmerki Rauðakross Svíþjóðar, heiðursmerki Í.S.Í., gullmerki Náttúruverndarráðs, heiðursmerki Landsmálafélagsins Varðar.

Ritstörf: Fjölmargar greinar í blöðum og tímarit-um um stjórnsmál, efnahagsmál, náttúruvernd o.fl. Fagra land, ferðapistlar og frásögubættir, Rvík 1960. Auðnutundir, Rvík 1964. Haförninn (ásamt dr. Finni Guðmundssyni), Rvík 1967. Skaftafell–Þingvellir, þjóðgarðar Íslands, Rvík 1969. Um sjálfstæðisstefnuna, sérpr. Rvík 1959, birt í bókinni Sjálfstæðisstefnunni, Rvík 1979. Til varnar frelsinu, ræður og ritgerðir, útg. af S.U.S. í Rvík 1980.

K.h. 1. júlí 1941 Sveinbjörg Helga Blöndal, ritari, f. 8. des. 1919, dóttir Sophusar Auðuns Blöndal, kaupmanns og síðar skrifstofustjóra á Siglufirði, og k. h. Ólafar Þorbjargar Hafliðadóttur Blöndal, handavinnukennara á Siglufirði, síðar í Rvík.


Börn: 1) Ólöf Kjaran, f. 30. mars 1942, þýskukennari, B.A., gift Hilmari Riis-Knudsen, verkfræðingi. 2) Soffía Kjaran, f. 8. okt. 1943, d. 18. mars 1944. 3) Soffía Kjaran, f. 23. júní 1945, frönskukennari, B.A., gift Pálma Jóhannessyni, B.A., Lic. et lettres, yfirþýðanda. 4) Helga Kjaran, f. 20. maí 1947, kennari, gift 1) Ármanni Sveinssyni, stud. jur., d. 10. nóv. 1968. 2) Ólafi Sigurðssyni, verkfræðingi.

Þórunn Kjaran, kona Péturs Ólafssonar (f. 8. ág. 1912), er systir Birgis. Ólafur og Pétur Björn Pét-

urssynir og Birgir Björn Sigurjónsson eru systra-
synir Birgis. Helgi Gíslason og Birgir eru systkina-
synir.

***Birgir Magnússon** f. 27. apr. 1946. For.: Magnús
Frímansson og Púriður Eggertsdóttir, þá búsett í
Rvík.

Stúdent K.Í. 1973, cand. oecon. frá H.Í. 1980.
Starfsmaður Seðlabanka Íslands, ríkisábyrgðas-
jóðs.




Birgir Sigurðsson f. 19. okt. 1959 í Reykjavík.
For.: Sigurður Kristjánsson, sölustjóri í Rvík, f. 25.
mars 1928, og Guðrún Eiríksdóttir, aðstoðarmaður
þar, f. 30. okt. 1930. Föðurfor.: Kristján Valgeir
Einarsson, fv. bóndi og verkamaður, og Anna Jóns-
dóttir, húsmóðir í Rvík. Móðurfor.: Eiríkur Þor-
steinsson, fv. bóndi að Glitstöðum í Norðurárdal í
Mýrasýslu, og Katrín Jónsdóttir, fv. húsfreyja þar.

Stúdent M.S. 1979, cand. oecon. frá H.Í. 1984,
þjóðhagskjarna. Fjármálastjóri hjá Toyota-umboð-
inu h.f. frá apr. 1983. Formaður AIESEC-nefndar
1982–1983. Ritari F.V.H. frá 1985.

K.h. Sigrún Jóhannesdóttir, laganemi, stúdent
M.S. 1979, f. 8. ág. 1959, dóttir Jóhannesar Gísla-
sonar, húsgagnasmíðameistara í Rvík, og Guðrúnar
Erlu Skúladóttur, kaupkonu þar.

Barn: Brynhildur Tinna, f. 17. sept. 1981.



Birgir Björn Sigurjónsson, f. 20. feb. 1949 í
Reykjavík. For.: Sigurjón Sigurðsson, lögreglu-
stjóri í Rvík, f. 16. ág. 1915, og Sigríður Kjaran
Magnúsdóttir, húsmóðir þar, f. 9. feb. 1919. Föð-
urfor.: Sigurður Björnsson, brunamálastjóri í Rvík,
og Snjólaug Sigurjónsdóttir, húsmóðir þar. Móð-
urfor.: Magnús Kjaran, stórkaupmaður í Rvík, og
Soffía Kjaran, húsmóðir þar.

Stúdent M.R. 1969, cand. oecon. frá H.Í. 1973,
þjóðhagskjarna. Hefur lokið öllum prófum í dokt-
orsnámi við Stokkhólmsháskóla, þjóðhagfræði-
deild, og vinnur að doktorsritgerð um verðbólgu á
Íslandi. Kennari við þjóðhagfræðideild Stokk-
hólmsháskóla í hlutastarfi 1976–1984. Sumarvinna
við Seðlabanka Íslands, Framkvæmdastofnun, iðn-